

„Pori ég, get ég, vil ég?”

um möguleika staðbundinna stjórnvalda til að
hafa áhrif á byggðapróun

Ársfundur Byggðastofnunar 2009

Reinhard Reynisson

framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga

Skipulagsvaldið

- Sveitarstjórnir fara með skipulagsvald
 - ✓ **geta** komið sér saman um svæðisskipulag + sérstaka meðferð
 - ✓ **ber** að gera aðalskipulag – skilgreinir landnotkun – að lágmarki til 12 ára
 - ✓ **ber** að gera deiliskipulag
 - ✓ **veita** framkvæmdaleyfi

Landsáætlanir

- Samgönguáætlun (2007-2018) / (2007-2010)
- vegir, hafnir og flugvellir
- Fjarskiptaáætlun (2005-2010)
- Byggðaáætlun (2006-2009)
- Ferðamálaáætlun (2006-2015)
- Rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma – í vinnslu

Skipulag stjórnsýslunnar

- Staðbundin (local) stjórnvöld – sveitarfélögin
- Miðstýrt ríkisvald (national)
- Ekkert svæðisbundið (regional)stjórnvald
- Stækkun sveitarfélaga dregur svæðishugsunina inní sveitarfélögin – ekki nema hluti þeirra er stór
- Valfrjálst samstarf á héraðs- / svæðisgrunni
- Sterk staða ríkisvalds gagnvart staðbundna stjórnvaldinu → miðstýrt stjórnkerfi

Afleiðingar skipulagsins

- Skipulag sem leiðir til skipulagsleysis
 - ✓ hvert sveitarfélag otar sínum tota
 - ✓ samstaða í héraði oft lítil-innbyrðis samkeppni
 - ✓ tilhneiging til að ná því sem mögulegt er hverju sinni - skammtímasjónarmið
 - ✓ erfitt að vinna skv. (langtíma) stefnumótun jafnvel þó hún sé til


Öðruvísi skipulag

- Samþætta sveitarstjórnarmál og byggðamál (er í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnar) og fela sveitarfélögum lögskyld úrlausnarefni á því sviði
- Skilgreina æskilega svæðaskiptingu út frá þeim samfélagsveruleika sem við búum við
- Ríkisvaldið hafi samræmingarhlutverk á grundvelli stefnumörkunar sveitarfélaga og svæða – tryggi heildar-/ þjóðarhagsmuni

Þróunaráætlun Norðausturlands

- Hvað felur hugtakið í sér?
 - ✓ **þróun** er eitthvað sem gerist yfir lengri tíma og í tiltölulega litlum (en mörgum) skrefum
 - ✓ **áætlun** felur í sér stefnumörkun-eitthvað sem við ætlum að gera/ná
 - ✓ þetta er því flókið ferli sem krefst þátttöku margra aðila yfir langan tíma (og líkur í sjálfu sér aldrei!)
 - ✓ tekur til svæðis/héraðs/efnahagslegrar heildar

Forsendur þróunaráætlunar



Form og inntak

- Aðferðafræði samþættrar áætlanagerðar
 - ✓ svæðisskipulag getur verið mikilvægt tæki
 - ✓ sameiginleg atvinnustefna héraðsins – styrkleikar og hlutverk einstakra svæða innan heildarinnar
 - ✓ sambúð mismunandi atvinnugreina
 - ✓ grunngerð – samgöngur – fjarskipti – opinber þjónusta
 - ✓ fellur að *sóknarstefnu til framtíðar* í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnar

Hver er staðan – hvert viljum við?

- Samstaða í héraði hefur verið og er lykillinn að nýtingu orkuauðlindarinnar til uppbyggingar hér
- Orkuauðlindirnar í „minni“ sveitarfélögunum
- Iðnaðarsvæði með hafnaraðstöðu í „stóra“ sveitarfélaginu
- Héraðið – ekki einstök sveitarfélög – hafa það sem til þarf
- Þróun á forræði samfélagsins með þátttöku fjárfesta – er ekki komið nóg af hinu?

Niðurstöður

- **Þori ég?** Varla ef marka má mikla tregðu til stækkunar sveitarfélaga og takmarkaða sameiginlega stefnumótun þeirra
- **Get ég?** Já en þó þarf að gera ákveðnar kerfisbreytingar til að virkja getuna betur
- **Vil ég?** Já íbúar sveitarfélaganna/héraðanna vilja aukið forræða á því að skapa sína eigin framtíð